



## 26. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 16. maí 2007, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Vilhelm Harðarson mætir til viðræðna um staðsetningu gámastöðvar.
2. Erindi frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
3. Tilkynning um nýtt fasteignamat.
4. Kauptilboð í Skúlabraut 27.
5. Kostnaðaráætlun v. endurbóta á tjaldsvæði í Brautarhvammi.
6. Teymi um byggingu sundlaugar.
7. Hafnarmál:
  - a. Yfirlit yfir gjaldskrár hafna.
  - b. Erindi frá Hafnasambandi Íslands.
  - c. Erindi v. staðsetningar gáms við höfnina.
8. Erindi v. sorggjalda að Ennisbraut 1.
9. Erindi frá sóknarnefnd Blönduóskirkju.
10. Fundargerðir:
  - a. Framkvæmdastjórn Félagsþjónustu A-Hún.
  - b. Aðalfundur Farskólans 2007.
  - c. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélags.
11. Fundarboð:
  - a. Veðifélag Laxár í Skefilsstaðahreppi.
12. Málefni Brunavarna A-Hún.
13. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. **Vilhelm Harðarson mætir til viðræðna um staðsetningu gámastöðvar.**  
*Umræður urðu um sorpmál og staðsetningu gámastöðvar. Vilhelm vék af fundi að loknum þessum lið.*
2. **Erindi frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.**  
*Lagt fram erindi frá eftirlitsnefndinni þar sem bæjarstjórn er hvött til að grípa til markvissra aðgerða til að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélagsins til framtíðar.*
3. **Tilkynning um nýtt fasteignamat.**  
*Lagt fram tilkynning um nýtt fasteigna- og brunabótamat á fasteigninni Blöndubýggð 13, sbr. fundargerð bæjarráðs frá 21. febrúar sl. 8. liður. Bæjarstjóra falið að gera tilboð á grundvelli umræðna.*
4. **Kauptilboð í Skúlabraut 27.**  
*Fram lagt kauptilboð í fasteignina sem er 83 fermetrar að stærð, að upphæð kr. 8.000.000,-. Bæjarstjóra falið að ganga frá gagntilboði á grundvelli umræðna.*
5. **Kostnaðaráætlun v. endurbóta á tjaldsvæði í Brautarhvammi.**  
*Lögð fram til kynningar.*
6. **Teymi um byggingu sundlaugar.**  
*Samþykkt að eftirfarandi aðilar frá sveitarfélaginu myndi framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar:*
  - Héðinn Sigurðsson, formaður bæjarráðs
  - Ágúst Þór Bragason, bæjarfulltrúi
  - Einar Kolbeinsson, verkefnisstjóri
  - Guðmundur Haraldsson, forstöðumaður grunnskóla- og íþróttamannvirkja



**7. Hafnarmál:**

**a. Yfirlit yfir gjaldskrár hafna.**

*Bæjarstjóra falið að endurskoða gjaldskrá Blönduóshafnar.*

**b. Erindi frá Hafnasambandi Íslands.**

*Lagðar fram til kynningar breytingar á hafnarlögum nr. 61/2003.*

**c. Erindi v. staðsetningar gáms við höfnina.**

*Ívar Snorri Halldórsson óskar eftir að fá að staðsetja 40 feta gám við höfnina. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið en vísar því til umfjöllunar í skipulags-, byggingar- og veitunefnd.*

**8. Erindi v. sorpgjalda að Ennisbraut 1.**

*Eigandi Ennisbrautar 1 sækir um niðurfellingu á sorpgjöldum vegna atvinnuhúsnæðisins þar sem engin starfsemi er í húsinu. Bæjarráð hafnar erindinu og vísar í samþykktir um sorpmál.*

**9. Erindi frá sóknarnefnd Blönduóskirkju.**

*Beiðni er um styrk að upphæð 3 mkr. til næstu 3ja ára vegna kaupa á pípuorgeli í Blönduóskirkju. Bæjarráð tekur jákvætt í að sveitarfélagið leggi framlag til orgelkaupanna og vísar erindinu til nánari útfærslu við vinnu fjárhagsáætlanagerðar 2008.*

**10. Fundargerðir:**

**a. Framkvæmdastjórn Félagsþjónustu A-Hún.**

*Fundargerðin er frá 7. maí sl. og er lögð fram til kynningar.*

**b. Aðalfundur Farskólans 2007.**

*Fundargerðin er frá 3. maí sl. og er lögð fram til kynningar.*

**c. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélags.**

*Fundargerðin er frá 27. apríl sl. og er lögð fram til kynningar.*

**11. Fundarboð:**

**a. Veiðifélag Laxár í Skefilsstaðahreppi.**

*Aðalfundur félagsins verður haldinn 20. maí nk. kl. 14:00.*

**12. Málefni Brunavarna A-Hún.**

*Umræður urðu um málefnið.*

**13. Önnur mál.**

**a. Grunnur við Sunnubraut 7.**

*Þórdís Hauksdóttur og Gunnar Smári Halldórsson óska svara við því hvort samþykkt bæjarráðs frá 26. apríl 2006, um að veittur sé styrkur sem nemur B hluta gatnagerðargjalda, sé byggt á húsgrunninum innan 2ja ára, gangi til þriðja aðila ef umræddur grunnur verði seldur.*

*Bæjarráð gefur hér með vilyrði fyrir því að samkomulagið sem nú ríkir við eiganda Sunnubrautar 7 vegna gatnagerðargjaldanna haldi til 3ja aðila.*

**b. Niðurstöður skoðanakönnunar um lokun leikskóla.**

- Mjög brýn þörf og engin úrræði í sjónmáli: 3 börn.
- Brýn þörf en möguleiki á að finna úrræði: 4 börn.
- Úrræði til staðar en myndi nýta þjónustu ef hún byðist: 0 börn.
- Skiptir engu máli, ætla hvort sem er að leita annarra leiða: 24 börn.
- Könnun ekki skilað inn = ekki brýn þörf á þjónustu: 33 börn.

*Aðeins eru 3 börn eru í mjög brýnni þörf á vistun á umræddu tímabili og því ekki efni til sértækra aðgerða.*

*Ágúst Þór Bragason situr hjá við afgreiðslu málsins.*



**c. Frá tæknideild.**

- Kynntar hugmyndir vegna innkeyrslu í Kleifarnámu í tengslum við gerð skeiðvallar.
- Kynntar hugmyndir vegna hraðahindrunar við Húnabraut.

**d. Samstarfsverkefni.** Miklar umræður urðu um samvinnu og samstarfsverkefni sveitarfélagsins.

**e. Bókun frá Valdimari Guðmannssyni.** Undirritaður óskar eftir að Blönduósbær athugi möguleika á að fá sendar fundargerðir Ámundakinnar þar sem Blönduósbær er nokkuð stór hluthafi þar.

*Valdimar Guðmannsson*

**f. Fyrirspurn til bæjarstjóra.** Hvenær verður ársreikningur Blönduósbæjar fyrir árið 2006 lagður fram og hvenær er áætlað að afgreiða þá?

**g. Fyrirspurn til bæjarstjóra.** Hver voru heildarlaun á skrifstofu Blönduósbæjar og tæknideildar fyrstu 3 mánuði ársins 2007?

Skrifleg svör óskast á næsta reglulegum fundi bæjarstjórnar.

*Valdimar Guðmannsson.*

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**

*Héðinn Sigurðsson (sign.)  
Ágúst Þór Bragason (sign.)*

**Fundi slitið kl. 18:45.**

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*

Áheyrnarfulltrúi:

*Valdimar Guðmannsson (sign.)*